

Erasmus+

Leik-, grunn- og framhaldsskólar

Samstarfsverkefni

Fyrir hverja?

Leik-, grunn- og framhalds-, tónlistar- og listnámskólar geta sótt um styrki í flokknum Samstarfsverkefni til að hrinda úr vör fjölbreyttum verkefnum á sviði menntunar. Einnig geta skólafirvöld, sveitarfélög, fyrirtæki, hagsmunasamtök og aðrir lögaðilar komið að slíku samstarfi.

Til hvers?

Skólum og öðrum aðilum gefst tækifæri til að vinna með samstarfsaðilum í Evrópu og skiptast á reynslu og góðum vinnubrögðum í kennslu. Sömuleiðis opnast möguleikar á að vinna að innleiðingu eða þróun nýjunga í skólastarfi. Taka þarf mið af stefnumörkum Evrópusambandsins í menntun og nýta til þess m.a. frumkvöðlafærni, tungumálakunnáttu og upplýsingatækni.

Styrkirnir geta verið eftirfarandi:

1. „School-to-school“ verkefni. Unnið er með samstarfs-skóla í að minnsta kosti einu öðru þáttökulandi Erasmus+. Skipst er á reynslu og góðum vinnubrögðum. Með einfaldari reglum frá og með árinu 2018 er lögð meiri áhersla á að fá umsóknir frá smærri skólum.
2. Þematísk verkefni. Skólafirvöld ásamt samstarfsaðilum í viðkomandi sveitarfélagi vinna með sveitarfélagi í öðrum þáttökulöndum Erasmus+. Á meðal þeirra sveitarfélaga sem hafa tekið þátt eru Garðabær, Sandgerði og Skagafjörður.
3. Samstarfsverkefni með að minnsta kosti tveimur öðrum þáttökulöndum Erasmus+.

Styrkupp hæðir

Verkefni geta varað í 12 til 36 mánuði og er hámarksstyrkur 150.000 evrur á ári. Hægt er að sækja um styrk fyrir verkefnisstjórn, til að greiða starfsmannakostnað, ferðastyrk til að sækja verkefnisfundi og vegna ferða nemenda/starfsfólks á vinnustofur erlendis.

Umsóknarfrestur 2018

✓ 21. mars

Nánari upplýsingar á erasmusplus.is

Erasmus+

Leik-, grunn- og framhaldsskólar



Nám og þjálfun

Fyrir hverja?

Leik-, grunn- og framhalds-, tónlistar- og listnámsskólar geta sótt um styrki fyrir starfsfólk sitt í flokknum Nám og þjálfun. Einnig geta skólayfirvöld og sveitarfélög sem koma að menntun sótt um styrki fyrir starfsfólk sitt.

Til hvers?

Stofnanir geta sótt um ferða-, upphalds og námsskeiðsstyrki fyrir starfsfólk sitt til að taka þátt í gestakennslu, fara á námskeið eða í starfskynningu (job shadowing) í 2 til 60 daga í einu af þátttökulöndum Erasmus+.

Styrkuppþæðir

Ferða- og upphaldsstyrkir taka mið af fjarlægð til áfangastaðar og upphaldskostnaði í viðkomandi landi. Um fastar upphæðir er að ræða.

Veittur er styrkur að hámarki 70 evrur á dag (að hámarki alls 700 evrur) til að taka þátt í skipulögðum námskeiðum erlendis.

Fatlaðir einstaklingar geta sótt um viðbótarstyrk vegna kostnaðar sem hlýst af þátttöku þeirra í samstarfinu.

Skólar og aðrar stofnanir sem sækja um fá fasta skipulagsupphæð (350 evrur) fyrir hvern þátttakanda til að sinna undirbúningi, utanumhaldi og eftirfylgni.

Umsóknarfrestur 2018

✓ 1. febrúar

Nánari upplýsingar á erasmusplus.is